



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2024

Almennir styrkir skóla- og frístundaráðs eru auglýstir með öðrum styrkjum borgarinnar ár hvert. Fram kemur í auglýsingum að „... meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda“. Hvert fagsvið borgarinnar getur einnig haft sínar áherslur við úthlutun styrkja.

Umsóknir um styrki til skóla- og frístundaráðs 2024 voru 21 og heildarupphæð sem sótt var um **kr. 45.447.000** en til úthlutunar eru skv. fjárhagsáætlun **kr. 3.000.0000**

Úthlutunarnefndir lásu yfir og lögðu mat á þær umsóknir sem bárust um almenna styrki. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn
- hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun



Úthlutunarnefnd gerir tillögu um að eftirfarandi níu verkefni hljóti styrki, í þeim tilfellum þar sem lagt er til að veittur verði styrkur að hluta er skilyrt að styrkuppþæð verði varið í tilgreinda þætti:

Almennir styrkir - tillaga um úthlutun styrkja 2024

Nr.	Umsækjandi	Ábyrgðarmaður	Heiti verkefnis	Upphæð umsóknar	Tillaga	Útfærsla/skilyrði
1	ADHD samtökin	Hrannar B. Arnarsson	Nám og tómstundir með ADHD	800.000	300.000	Greiða námskeið fyrir starfsfólk í skóla- og fristundastarfi
2	Brekvirkni ehf.	Guðmundur A. Pétursson	Bernsku-BREK	800.000	300.000	Greiða hluta af kostnaði við tónlistarviðburði
3	Höfuðstöðin	Lilja Hrönn Baldursdóttir	Hugblær	3.000.000	250.000	Vinna verkefni í samstarfi við Klettaskóla
4	Íunn Eir Gunnarsdóttir	Íunn Eir Gunnarsdóttir	Félagsfærniþjör; Kennslu-handbók fyrir fagfólk grunn og frí	250.000	200.000	Greiða hluta af launakostnaði við gerð handbókar.
5	Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Eldvarnarátak 2023	300.000	300.000	Eldvarnarfræðsla fyrir nemendur í 3. bekk
6	Muhammed Emin Kizilkaya	Muhammed Emin Kizilkaya	Pangea stærðfræði-keppnin 2023	600.000	250.000	Greiða hluta kostnaðar við lokahátíð
7	Rithöfundasamband Íslands	Rithöfundasamband Íslands	Skáld í skólum	1.000.000	400.000	Greiða niður kostnað vegna heimsóknna í grunnskóla borgarinnar
8	Tónlistarfélag Árbæjar	Kristján Sturla Bjarnason	Þjálfun í tónlistargerð fyrir starfsfólk SFS	1.500.000	400.000	Greiða fyrir námskeið fyrir starfsfólk SFS
9	Tónskóli Sigursveins	Elfa Lilja Gísladóttir	Leikskólaverkefnið	700.000	600.000	Greiða hluta af kostnaði við tónleika á Barnamenningarhátíð
	Samtals			8.950.000	3.000.000	